REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 31. desember 2005, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30′N, 21°39′V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39′V í punkt 63°40′N, 22°32′V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40′N, 22°32′V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 30. apríl 2006, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42′V og að norðan af 64°20′N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

20. október 2005 Nr. 941

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjald í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Djúpavogshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.